

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara**

Fundur haldin miðvikudaginn 4. apríl 2018 í Borgartúni 30, Reykjavík og hófst hann kl. 10:00.

Mættur fyrir hönd Félags leikskólakennara Haraldur F. Gíslason, Helga Charlotte Reynisdóttir. Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Fjóla Þorvaldsdóttir tilkynnti forföll.

Þá var gengið til dagskrár.

- 1. Mat á starfsreynslu háskólamenntaðra starfsmanna í leikskóla og annarra sem eru að læra leikskólakennarafræði sem afluð er á öðrum kjarasamningi en Félags leikskólakennara.**

Niðurstaða:

Afgreiðslu frestað.

- 2. Mat á starfsaldri sem afluð var í leikskólum sem störfuðu fyrir þann tíma sem námsskrá MRN fyrir leikskóla tók gildi.**

Í skýringartexta með gr. 10.2.2 í kjarasamningi segir: Í leikskóla er metin sambærileg starfsreynsla við skólastofnanir sem starfa samkvæmt lögum og námsskrá sem menntamálaráðuneyti setur. Eingöngu er hér átt við starfsreynslu eftir að viðkomandi lauk háskólaprófi. Framangreint orðalag getur leitt til þrengri túlkunar en efni stóðu til að mati félagsins.

Niðurstaða:

Það er sameiginlegur skilningur samningasaðila að meta beri starfsreynslu leikskólakennara sem þeir öfluðu sér fyrir gildistöku formlegrar námskrár sem Menntamálaráðuneyti setur.

3. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 11:00